

## Framkvæmdir í gangi á vegum Kistunnar 2025, 14. febrúar 2025

### Skrifstofuhúsnæði á Bakkafirði

Verið er að gera upp skrifstofurými í Grunnskólanum á Bakkafirði þar sem verður fjarvinnuaðstaða, fundarrými og kaffistofa. Verkefnið hlaut 12,5 m.kr. styrk frá Bygðastofnun úr C1. Sérstæk verkefni sóknaráætlanasvæða.

Sveitarstjóri verður með skrifstofuaðstöðu á Bakkafirði og stefnir á reglulegar komur þegar aðstaðan verður klár. Einnig mun samfélagsfulltrúi Bakkafjarðar hafa þarna starfstöð ásamt því að Þekkingarnet Þingeyinga mun nýta aðstöðuna til námskeiðishalds ofl. Reimar Sigurjónsson er með verkið og stefnt á verklok í mars. Þegar rýmið er tilbúið er stefnt að formlegri opnun með fjölmenningsviðburði.



## Bílskúrinn í Kistunni

Á sama tíma er verið að vinna að því að innrétta bílskúr Kistunnar. Rýmið er hugsað sem fjölnota rými sem hægt er að leigja í ýmis konar verkefni til að auka þjónustu við íbúa og gæti skipt um hlutverk eftir leigjanda að hverju sinni. Dæmi um þjónustu í bílskúr væri til að mynda hársnyrting, nudd, listrými, handverksmarkaður og námskeiðshald.

Tæki sem við erum nú þegar komin með eru minni iðnaðar- og nýsköpunartæki líkt og þrívíddaprentari, vínylskerri og hitapressa. Eins höfum við fengið gefins „skolstól“ fyrir hárgreiðslufólk sem hyggst koma og starfa hér tímabundið, hann verður bakk við léttvegg í miðju rýminu.

Dawid Potrykus er með verkið og er stefnt að verklokum í lok febrúar.

